



Til Norðurlandaráðs

Ved Stranden 18  
DK-1061 København K

Sími +45 3396 0200  
Fax +45 3396 0202  
www.norden.org

19. janúar 2015  
14-01405-5

### **Svar við skriflegri fyrirspurn E31/2014 frá Norðurlandaráði um NordVulk**

Norðurlandaráð hefur lagt fram skriflega fyrirspurn (E31/2014) um NordVulk. Svárið er að löndin og MR-U hafa enn ekki tekið afstöðu til fjárveitinga til samstarfsaðila, þar á meðal NordVulk, fyrir árið 2016. Frá og með árinu 2017 verða ákvarðanir um fjárveitingar til samstarfsaðilanna teknar af NordForsk. Hér að neðan er því lýst hvernig fjallað hefur verið um forsendur fjármögnunar samstarfsaðilanna innan ramma endurskoðunar norræna rannsóknarsamstarfsins.

Norræna ráðherranefndin setti af stað endurskoðun á norræna rannsóknarsamstarfinu árið 2011. Niðurstöður endurskoðunarinnar voru kynntar í skýrslu nefndar háttsettra embættismanna „Vilja till forskning?“ (Vilji til rannsókna?). Í skýrslunni komu fram tillögur til breytinga á markmiðum, skilvirkni og stefnu norræna rannsóknarsamstarfsins til framtíðar. Nefndin lagði meðal annars til að haldið verði áfram að færa norræna samstarfsaðila sem fá hluta fjármögnunar sinnar frá ráðherranefndinni, þar á meðal NordVulk, í auknum mæli yfir til landanna.

Embættismannanefndin (ÄK-U) ákvað í desember 2011 að langtímapróun samstarfsaðilanna ætti að vera þáttur í endurskoðun rannsóknarsamstarfsins. ÄK-U skipaði í desember 2012 tímabundinn starfshóp um rannsóknir sem meðal annars átti að vinna með tillögurnar úr skýrslunni „Vilja till forskning“. Embættismannanefndin bað tímabundna vinnuhópinn um rannsóknarmál um að gera úttekt á því hvernig hægt væri að færa samstarfsaðilana í auknum mæli yfir til landanna eins og lagt er til í skýrslunni.

Að tillögu vinnuhópsins ákvað ÄK-U síðan í desember 2013 að

- innleiða fjármögnunarfyrirkomulag sem felur í sér að samstarfsaðilarnir geta hugsanlega fengið fjármögnun gegnum NordForsk frá og með 1. janúar 2017. Það þýðir að samstarfsaðilarnir fá fjármögnun frá Norrænu ráðherranefndinni á gildistíma rammisamningsins,
- fela NordForsk að sjá um það á árunum 2014 og 2015 að greina og meta frá sjónarhóli stefnumótunar í rannsóknarmálum hvaða viðfangsefni/svið beri að leggja áherslu á framvegis í samvinnu Norðurlanda um rannsóknir, þar á meðal hvað varðar starfsemi samstarfsaðilanna,

- gera úttekt á starfsemi samstarfsaðilanna á tímabilinu 2014-2015 til að kanna gildi starfseminnar og vísindaleg gæði,
- yfirfæra fjármagn til NordForsk frá 1. janúar 2017 (samsvarandi þeirri upphæð sem samstarfsaðilarnir fá frá Norrænu ráðherranefndinni á þeim tíma),
- fela NordForsk að skipuleggja hugsanlega fjármögnun starfsemi samstarfsaðilanna á grundvelli þeirrar úttektar og greiningar/mats út frá stefnumótun í rannsóknarmálum sem gerð hefur verið á árunum 2014 og 2015.

Með því leit ÁK-U svo á að umfjöllun um tillögurnar í skýrslunni „Vilja till forskning“ væri lokið.

ÁK-U færði til bókar tilmæli tímabundna vinnuhópsins og skrifstofunnar um að draga ekki frekar úr fjárveitingum til samstarfsaðilanna á árunum 2015 og 2016. ÁK-U tekur fjárhagsáætlunina fyrir 2016 sérstaklega fyrir en lýsti því yfir í desember 2013 að hún ætlaði að reyna að skera ekki frekar niður fjárveitingar til samstarfsaðilanna fyrir árin 2015 og 2016.

Ef Nordforsk og þeir aðilar sem fjármagna rannsóknir í löndunum (rannsóknarráðin eða samsvarandi aðilar) ákveða að leggja áherslu á og fjármagna þau viðfangsefni/svið sem samstarfsaðilarnir vinna með geta þeir tekið þátt í samkeppni um, og hugsanlega hlotið, tímabundnar fjárveitingar frá og með 1. janúar 2017.

Kveðja,  
Norræna ráðherranefndin

Nafn og titill ráðherra.